

Ályktun um sjávarútvegsmál á Borgarfirði eystri

Íbúafundur, sem haldinn var föstudaginn 26. júní 2020 í verkefninu Betri Borgarfjörður (verkefni Brothættra byggða á Borgarfirði eystri) samþykkir einróma að beina því til sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum og regluverki um sjávarútveg með það fyrir augum að kerfin taki tillit til hagsmuna samfélagsins á Borgarfirði eystri en vinni ekki gegn hagsmunum þess.

- Borgarfjörður fái úthlutað úr sértækum aflaheimildum Byggðastofnunar
- Strandveiðikerfi verði breytt þannig að tryggt verði að heimildir á austanverðu landinu nýtist á besta krókaveiðitíma í landshlutanum, þ.e. í júlí og ágúst.
- Lokað verði fyrir togveiðar stærri skipa í kálgörðum dagróðrabáta á Borgarfirði eystri.

Greinargerð og rökstuðningur

Hér á eftir er farið yfir og gerð frekari grein fyrir þeim kröfum sem íbúafundurinn setti fram og þær kröfur rökstuddar.

Sértækur byggðakvóti:

Í 10 gr. í lögum um stjórn fiskveiða 2006 nr. 116 10.ágúst er Byggðastofnun gefin heimild til að veita byggðalögum sem mæta ákveðnum skilyrðum aflamagn í óslægðum botnfiski sem í daglegu tali er kallaður sértækur byggðakvóti. Hafa ber í huga að hér er ekki átt við venjulegan byggðakvóta sem Fiskistofa úthlutar ár hvert eftir annars konar skilyrðum. Skilyrðin skv. lögnum eru eftirfarandi:

„Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem hér segir:

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

- a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
- b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögnum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.“

Það vekur furðu að Borgarfjarðarhreppur, þar sem kjarnaatvinnustarfsemi eru fiskveiðar og fiskvinnsla, mæti skilyrðum til að taka þátt í verkefninu Brothætta byggðir (sem er undir hatti Byggðastofnunar) en mæti ekki skilyrðum til að fá úthlutað sértækum byggðakvóta.

Nú liggur fyrir áhugi heimamanna að leggja af stað í vinnu við að kanna með hvaða hætti væri hægt að sækja um og fá sértækan byggðakvóta í byggðalagið. Því er farið fram á að opna á umræðu um með hvaða skilyrðum og útfærslum það væri mögulegt. Óskað er eftir að stjórnvöld kanni hvort breyta megi fyrirkomulagi og/eða reglum þessarar úthlutunar þ.a. hún megi nýtast brothættri byggð.

Strandveiðar:

Strandveiðar eru og verða sífellt mikilvægari þáttur af atvinnulífi Borgarfjarðar eystri. Borgarfjörður eystri hentar enda sérlega vel fyrir slíka útgerð þar sem stutt er á miðin, miðin fengsæl og fyrirmyndaraðstaða risin fyrir sjómenn í höfninni. Heimamenn og aðkomubátar sækja gjöful miðin stíft í gegnum þetta kerfi þá sérstaklega seinni helming sumars enda veiðin þá með besta móti.

Fyrir breytingar á kerfinu árið 2018 var heildarstrandveiðiafla tímabilsins deilt niður á mánuði og veiðisvæði en með því móti var reynt að tryggja að aflinn dreifðist á sanngjarnan hátt yfir landið. Þannig var ákveðnum veiðisvæðum lokað í lok mánaða ef heildarafla þess mánaðar var náð innan svæðisins. Meðal annars til að auka öryggi sjómanna var kerfinu breytt á þann veg að aflanum var ekki lengur dreift á svæði né mánuði heldur var gefinn út heildarafli sem náði yfir allt landið og hver bátur fékk 12 daga í hverjum mánuði sem hann mátti róa og einn heildarpottur kvótans fyrir allt landið.

Þegar kerfinu var breytt með þeim hætti að einn heildarpottur væri fyrir allt landið var Fiskistofu – og nú ráðherra veitt heimild til að loka á veiðar þegar útgefinn strandveiðikvóti klárast. Strandveiðikvóti sumarsins 2019 kláraðist ekki, aðallega vegna slæms tíðarfars, en í ár stefnir í að hann klárast og ekki fyrir séð hvort strandveiðibátar fái heimild til að veiða út ágústmánuð. Skyldi koma til slíkrar lokunar yrði það gríðarlegt reiðarslag fyrir útgerð og atvinnulíf Borgarfjarðar.

Það vill svo til að á fyrri hluta strandveiðitímabilsins er veiði með besta móti á vestanverðu landinu en þaðan sækja mun fleiri bátar. Á sama tíma er veiðin hinum megin á landinu með lélegra móti, fiskurinn smár og lítið af honum. Hún glæðist hins vegar hressilega austan til síðsumars en að sama skapi minnkar hún fyrir vestan á sama tíma. Núverandi kerfi tryggir að strandveiðisjómenn á vestanverðu landinu fá alltaf hámarksdagafjölda í góðum fiski, þegar aflaverðmætin eru best en mögulega er lokað á báta á austanverðu landinu einmitt á þeim tíma sem aflinn er mestur og hámarksaflaverðmæti eru dregin á land.

Gera þarf breytingar á núverandi regluverki á þann veg að veiði sé tryggð á austanverðu landinu út ágústmánuð. Best væri að 48 róðrar væru tryggðir öllum út tímabilið með því að strandveiðikvótinn sé ákvarðaður í samræmi við aðsókn í kerfið ár hvert.

Lokun veiðisvæðis fyrir togveiðum

Í lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands, 1997 nr. 79 26. maí, er hin almenna regla að togarar mega ekki veiða nær landi en sem nemur 12 mílum. Á nokkrum stöðum á landinu eru svæði þar sem þeim er hleypt, oft tímabundið, nær landi. Eitt slíkt svæði nær frá Glettingsnesi og norður á Font á Langanesi og er það í daglegu tali sjómanna kallað „Skápurinn“. Þar mega togarar veiða allt upp að 6 mílum frá landi. Þetta fyrirkomulag kemur útgerðarmönnum og atvinnulífi Borgarfjarðar verulega illa og hefur djúpstæð áhrif á kjarnaatvinnugrein brothættrar byggðar.

Skápurinn er opinn togurum allt árið um kring og sker sig frá öðrum slíkum svæðum að því leyti að þar er harður botn en yfirleitt eru slík svæði á línunum botnum þar sem sjaldgæfara er að fá bolfiskafla. Þó fyrirfinnast svæði þar sem togarar fá að veiða nálægt landi á hörðum botni en þau eru þá eingöngu opin togurum hluta ársins.

Innan Skápsins, nánar tiltekið í suðurhluta hans, eru „heimamið“ dagróðrabáta Borgfirðinga. Ástæðan fyrir tilurð þessa svæðis er að á seinni hluta síðustu aldar var gerður út lítill togari á Vopnafirði sem bar nafnið Eyvindur Vopni. Þessu svæði var haldið opnu fyrir togveiðar svo auðveldara væri að gera út togara þaðan. Þróun mála hefur orðið sú að að minnsta kosti þrisvar til fjórum sinnum öflugri togarar sækja nú heimamið Borgfirðinga stíft. Það er orðinn árlegur viðburður að í byrjun hvers kvótaárs (1. september) fyllist suðurhluti skápsins af togurum. Þó eru feykigóð fiskimið á þessu svæði fjær landi sem togararnir sigla yfir til að komast inn á sömu mið og dagróðrabátarnir vilja nýta.

Þegar togari hefur farið yfir verður í besta falli erfitt, en í raun nánast ómögulegt fyrir minni báta að gera út á handfæri eða línu á því svæði sem hann hefur verið á. Síðastliðið haust (2019) voru sjómenn ítrekað með undir 100 kg afla í handfæraróðrum þegar fiskisæld átti að vera með besta móti. Ástandið

hefur verið þannig undanfarin haust að smábátarnir hafa þurft að sigla allt að 40 mílur út fyrir togarana til að finna fengsæl fiskimið. Stór hluti báta á Borgarfirði eru hæggengir sökum nándar við miðin en heimamiðin hafa verið þurrkuð upp. Ekki er að sjá af löndunum þessara togara að verið sé að ná sérstaklega öðrum afla en þorski. Ástandið er verst í september-október en togararnir sjást svo reglulega hér alveg fram í janúar. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að þeir mæti í júlí – ágúst og þá yrði erfitt að réttlæta útgerð á strandveiðibátum á svæðinu. Að auki berast fréttir af nýsmíði báta hjá stórútgerðum sem verða hannaðir þannig að þeir megi herja á þetta svæði. Af því hafa útgerðarmenn á Borgarfirði þungar áhyggjur.

Það er útgerð staðarins og kjarnaatvinnugrein brothættar byggðar algjörlega nauðsynlegt að Skápnnum sé lokað eða í það minnsta minnkaður í suðurenda hans þ.a. togveiðar væru bannaðar innan 12 mílna frá Glettingsnesi og áleiðis norður að Héraðsflóa. Tímabundin lokun ár hvert frá júlíbyrjun til desember loka væri fullnægjandi. Núverandi fyrirkomulag er ógn við trilluútgerð í brothættri byggð.

Varanleg úrlausn felst í því að gera lagabreytingu á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79 frá 26. maí 1997. Það getur verið flókið mál að koma á lagabreytingum og því er bent á að þessu svæði hefur áður verið lokað seint á síðustu öld með reglugerð sem er tiltölulega einfaldari aðgerð en lagabreyting. Þá var nýverið lokað með reglugerð nr. 965/2019; *Reglugerð um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland, svæðinu grunnt við Glettingsnes fyrir handfæraveiðum frá 15. maí til 31. júlí ár hvert.* Sambærileg reglugerð fyrir lokun togveiða (hluta árs) innan Skápsins væri akkúrat það sem til þyrfti.